

Ed.

473. Nefndarálit

um frv. til laga um lækningaleyfi til handa dr. Karl Kroner.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndinni hefur borizt álitserð landlæknis, dags. 7. okt., um þetta mál og fengið um það umsögn Læknafélags Reykjavíkur, dags. 13. okt. Báðir þessir aðilar eru því út af fyrir sig meðmæltir, að dr. Kroner fái lækningaleyfi, en leggja til, að því verði komið til vegar með öðrum hætti en í frv. segir. Landlæknir gerir tillögu um breytingu á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl., og fer hún í þá átt, að ráðherra geti með samþykki læknaeildar og landlæknis veitt lækningaleyfi, þótt hinum almennu skilyrðum sé ekki fullnægt. Læknafélagið aftur á móti telur heppilegra að veita dr. Kroner ríkisborgararétt heldur en lækningaleyfi með sérstökum lögum, vegna þess fordæmis, sem það kunni að gefa.

Þrátt fyrir þessar umsagnir er nefndin sammála um að leggja til, að frv. til laga um lækningaleyfi dr. Kroners sé samþykkt óbreytt. Nefndin telur svo sjálfsagt, að dr. Kroner fái lækningaleyfi hér á landi, að á því megi enginn dráttur verða. Hitt sé heldur til vansa, hversu lengi það hefur dregizt. Sýnist og fara mjög vel á því, að maður, sem um langa hríð hefur kynnt sig að slíkri góðvild og greiðasemi í garð umkomulitilla islenskra námsmanna sem dr. Kroner gerði, á meðan hann var í Berlin, fái lækningaleyfi með sérstakri samþykkt Alþingis, og getur það aldrei orðið hættulegt fordæmi. Hitt mun nefndin svo að sjálfsögðu athuga alveg óháð máli dr. Kroners, hvort ástæða er til að breyta lögunum um lækningaleyfi á þann veg, sem landlæknir hefur gert að tillögu sinni.

Einn nefndarmanna, Hermann Jónasson, tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. okt. 1944.

H. Guðmundsson,
form.

Bjarni Benediktsson,
frsm.

Lárus Jóhannesson.

Steingr. Aðalsteinsson.